

# MYNL1FT05

*Búið til: Thu, 27 Feb 2020 12:46:27 GMT*

## Titill

Fríhendis- og fjarviddarteikning

## Skammstöfun

MYNL1FT05

## Útgáfunúmer

14

## Námsgrein

myndlist

## Viðfangsefni

Fríhendis- og fjarviddarteikning

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Í áfanganum fer fram kynning á grunnatriðum fríhendis- og fjarviddarteikninga. Áhersla er lögð á almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í gerð tvívíðra og þrívíðra fríhendisteikninga ásamt myndrænni framsetningu viðfangsefna. Þjálfað er mat á hlutföllum og gerð greinargóðra rissmynda og skyggingum. Þjálfður er formskilningur og greining einfaldra grunnforma, svo sem kassa- og kúluforma. Lögð er áhersla á teikningu mynda úr umhverfinu, bæði utan- og innanhúss og þannig kenndar grunnforsendur m.a. tveggja punkta fjarviddarteikninga með skuggamyndunum og speglunum. Áhersla er lögð á að ná góðu valdi á fjarviddar og fríhendisteikningu.

### Forkröfur

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eðli, uppbyggingu og samsetningu mismunandi forma
- notkun fjarviddarpunkta í teikningum
- mati á hlutföllum við gerð greinargóðra rissmynda

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna einfaldar skissur út frá mismunandi fyrirmyndum
- miðla upplýsingum með fríhendis- og fjarviddarteikningum
- teikna fríhendis- og fjarviddarteikningar

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna viðfangsefni myndrænt með fríhendisteikningu
- takast á við frekara nám tengt fríhendis- og fjarviddarteikningum
- meta hvenær þörf er fyrir fjarviddar- og fríhendisteikningar
- vinna frekari verk í listum

## Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati yfir áfangann. Öll vinna, þátttaka og verkefni í áfanganum gilda til einkunnar.

**Skólar**

**Fyrirmynd**